



Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss fyrir starfið frá apríl 2017 til apríl 2018, lesin á aðalfundi félagsins þann 26. apríl 2018 í fundarsal SASS Austurvegi á Selfoss.

Starf Skógræktarfélags Selfoss á 65. starfsári stóð saman af talsverðum framkvæmdum. Starfsvettvangur félagsins var sem fyrr Hellisskógur.

Aðalfundur 2017 var haldinn 18. apríl í Árvökum, starfsmanna húsnæði Skógræktarfélags Árnesinga á Snæfoksstöðum. Ágætis mæting var á fundinn sem var auglýstur í Dagskránni, á heimasíðu og facebook síðu félagsins. Á fundinum voru venjubundin aðalfundarstörf. Stjórn situr áfram óbreytt, þeir sem áttu að ganga úr stjórn buðu sig aftur fram og voru endurkjörnir. Félagsgjald var samþykkt óbreytt 2000 kr. Fjárhagur félagsins er góður. Í fundarhléi var boðið upp á kaffi og kökur.

Haldnir voru 3 formlegir stjórnarfundir á starfstímabilinu heima hjá formanni.

Félagsskráin var yfirfarin og lagfærð. Samkvæmt skránni eru um 140 skráðir í félagið, en einhver fækkun er orðin þar sem margir eru að falla frá. Ekki voru sendir út hefðbundnir greiðsluseðlar til félagsmanna vegna félagsgjalds fyrir árið 2017. Borin voru út félagsskírteini sem einnig eru afsláttarkort á vegum Skf.Ísl. Meðfylgjandi var miði sem hvatti félagsmenn til að greiða félagsgjaldið 2000 kr. beint inn á reikning félagsins.

Fyrri hluta maí var farið inn á svæði sem ösp hafði verið feld undan raflínu Landsnets norður undir landamerki við Laugarbakka og klipptir um 400 græðlingar úr þeirri greinahrúgu sem lá þar eftir grisjun síðastliðins vetrar. Græðlingunum var svo stungið í gömul skjólbelti með Biskupstungnabraut.

Dagana 14. og 15. júní mættu félagar í skógræktarfélaginu á vinnukvöld félagsins. Plantað var á svæði í NA horninu girðingarinnar upp undir Biskupstungnabraut. Þar hafði verið plantað fyrir nokkrum árum næst girðingunni, nú var pantað í framhaldi af þeirri gróðursetningu og í átt að skurði sem liggur þvert fyrir neðan þjóvegin. Þokkaleg mæting var í gróðursetninguna. Í lok vinnukvöldanna var boðið uppá veitingar í Hellinum. Vinnukvöldin voru m.a. auglýst á heimasíðu félagsins www.hellisskogur.is og á facebook síðunni. Ágætis veður var á vinnukvöldunum.

Í ár voru nokkrar tegundir af plöntum gróðursettar, allt voru þetta árs gamlar bakkaplöntur í 40 gata fjölpottabökkum. Plönturnar komu frá skógarplöntuframleiðendum í Hvammi í Hrunamannahrepp og Kvistum í Biskupstungum. Hluta plantnanna fékk félagið úr úthlutun hjá Skógræktarfélagi Árnesinga. Sjá plöntur í töflu 1. Einnig voru klipptar greinar af ösp sem voru grisjunar um veturinn niður í græðlinga.



Tegund	kvæmi	Aldur	Bakkastærð	Framleiðandi	Fjöldi
Stafafura	Daníelslundur	1/0	40	Kvistar	200
Hvítgreni	Kenai	1/0	35	Kvistar	120
Ösp	Jóra/Sæland	1/0	40	Kvistar	35
Sitkagreni	Þjórsárdalur	1/0	40	Kvistar	80
Birki	Embla	1/0	40	Hvammur	120
Stafafura	Flatanger	1/0	40	Hvammur	80
Ösp	Úr Helliskógi		Græðlingar	Undan raflínu	400

Tafla 1 sýnir plöntur 2017

Samtals

1035

Þegar allt er talið var plantað um 1035 plöntum í Helliskógi árið 2017.

Talsvert var um menningarviðburði í skóginum þetta árið, 17. júní voru haldnir tónleikar við Hellirinn þar sem að Daði Freyr spilaði fyrir tæplega 200 manns milli kl. 20-22. Viðburðurinn var á vegum sveitarfélagsins, og var það ungmennaráð Árborgar lagði staðsetninguna til. Veginum upp að helli var lokað til að tryggja umferð björgunaraðila. Daginn eftir var síðan guðþjónusta í skóginum, gengið var frá bílplaninu og stoppað á völdum stöðum og haldin hugvekja á leið að Hellinum, þar sem boðið var upp á hressingu.

Í maí keypti félagið Toyota Hiace bifreið til að flytja starfsmenn og verkfæri. Bíllinn hentar vel þar sem hann er sæti fyrir 6 og stórt rými þar fyrir aftan. Lenti bíllinn í óhappi þar sem að bíllinn var í fullum rétti og á eftir að fá tjónið greitt, en ekið var á hægra afturbretti. Í haust var svo númer lögð inn eftir að bílnum var komið fyrir á Snæfoksstöðum ásamt kerrunni. Einnig hafa önnur verkfæri vetrar dvöl í gám félagsins á sama stað.

Í júní fór eina ferðina en að bera á óværu í birkiþöðum, sem lýsti sér þannig að blöðin urðu brún að hluta. Þetta var svipað og á síðastu ár. Ekki verða varanlegar skemmdir á trjánunum.

Í sumar voru þrjár piltar frá Umhverfiseild Árborgar sem unnu í einn og hálfan mánuð hver í Hellisskógi. Sveitarfélagið Árborg útvegaði félaginu þessa starfskrafta. Byrjuð þeir seinni partinn í maí. Byrjað var á ýmskonar snyrtingu á svæðinu. Einnig voru afklippur hreinsaðar af svæðinu. Unnið var við lagningu og viðhalds stíga í skóginum. Borin var fúavörn á borð og bekkir sem eru á svæðinu. Smíðaðir nýir bekkir við göngustígana og aðrir lagfærðir. Gras var slegið meðfram öllum göngustíga í sumar. Hellisbrúin var sleginn með slátturofi alla leið upp að Biskupstungnabraut. Umferð gangandi fólks um þessa fornu gönguleið er alltaf að aukast. Nágrenni Hellisins var slegið og snyrt, eins og svæðið við minnismerkið og flatirnar við trjásafnið og í Lionsreitnum. Gera þarf ráð fyrir að leggja þurfi talsverða vinnu í umhirðu á þessum svæðum á næstu árum. Einnig var unnið að almennri skógarumhirðu. Umsjónamaður með verkunum var Ólafur Hákon.



Grisjað var á nokkrum stöðum í þéttum trjáþyrpingum.

Fengum fjóra bíla af malarblöndu fyrir síga úr Ingólfsfjalli og áttum tvö átekin hlöss frá því í fyrra.

Í júlí komu til okkar erlendir skátar sem voru í tjaldbúðum á Selfossi og voru á leið á alþjóðamót á Úlfljótsvatni og voru að keyra út möl í göngustíga. Hver hópur var í hálfan dag og voru 10 í hverjum hópi sem unnu í tvo daga og skildu eftir sig gott verk.

Hreyfitækin (æfingatæki) sem voru sett upp sl. sumar hafa verið notuð talsvert frá því að þau voru sett upp. Bæði er um að ræða skokkara og almenning sem vill styrkja sig.

Í sumar var skrifað undir samning við Lionsklúbbinn um reitin sem að þeir hafa verið með í fjölda ára. Samnings drög höfðu verið í vinnslu í nokkurn tíma og ákveðið að skrifa undir samninginn á vinnukvöldi Lionsmanna, þar sem boðið var upp á kjötsúpu í kjölfar undirskriftar. Samningurinn felur m.a. í sér að ef skerðing verði á þeirri ræktun sem þar fer fram að hálfu Árborgar fái klúbburinn greitt fyrir sína ræktun og framkvæmdir sem þeir hafa gert á svæðinu.

Framkvæmdasvið sveitarfélagsins var okkur innan handa með ýmis verk á árinu, eins og að hefla veginn upp að Helli. Lagað var ræsi á veginum upp undir Helli þar sem það gamla ræsið hafði sokkið full mikið í mýrina. Flatirnar nærri minnismerkinu voru slegnar með sláttutraktorum frá sveitarfélaginu. Setti sveitarfélagið upp ruslakassa við bílaplanið hjá

minnismerkinu fyrir hundaskítspoka. Einstaklega illa tókst til við staðsetningu á dallinum og lítur út eins og dallurinn sé aðalmálið á bílplaninu.

Á árinu lést dyggur stuðningsmaður félagsins til margra ára Guðni Andreassen, eða Guðni bakari aðeins 67 ára. Guðni og Björg kona hans voru óspör á stuðning til félagsins og lengi vel var svo kallað poka gjald Guðna bakarýs greitt til Skógræktarfélags Selfoss. Meðan aðrir verslunareigendur greiddu í pokasjóðinn. Einnig gáfu þau ósjaldan veitinga á vinnukvöld félagsins.

Um haustið var sótt um hefðbundin styrk til sveitarfélagsins Árborgar fyrir starsárið 2018, einnig var aftur sótt um auka fjárveitingu til skurðgraftar í Hellisskógi á árinu.

Í lok nóvember var formanni boðið á fund hjá bæjarráði Árborgar. Boðið kom í framhaldi af umsókn félagsins um aukafjárveitingu vegna framræslu á blautum svæðum í Hellisskógi. Á fundinum var kynnt fyrirhugaðar framkvæmdir við framræsluna og sagt frá nauðsyn hennar, enda er hluti af skóginum farin að falla og drepast vegna bleytu. Bæjarráð tók vel í beiðnina og var bæjarstjóra falið að vinna málið áfram með því að gera samning við félagið um framkvæmdina. Einnig var trjárækt innan sveitarfélagsins rædd í víðu samhengi.

Á starfsárinu var Böðvar Guðmundsson hjá Skf. Árn. Fengin til að yfirfara loftmynd sem hann hafði teiknað áður af skurðakerfi sem að hann leggur til að grafnir verði til að minnka bleytu í skóginum, þar sem m.a. tré eru farin að drepast og jafnvel að leggjast á hliðina.

Grisjað var undir raflínu Rarik sem m.a. fer í jaðri Lions reitsins þar sem að tré voru að vaxa upp í línuna. Ætla þeir að greiða fyrir kostnað við verkið. Gera má ráð fyrir að línan fari í jörð þegar þjóðvegur 1 fer í gegnum skóginn, en hvenær það verður er ekki gott að spá, og gætu trén verið búin að bæta við sig 2 – 4 metrum þannig að ekki hægt annað en að bregðast við.

Þrír nemendur úr skógfræðinámi á Hvanneyri voru hluta úr degi að grisja með kjarrsögum í birki skóginum nærri



háspennulínu Landsnets. Gekk verkið ágætlega og sást mikil þörf á verkinu þar sem birkið vex mjög þétt og mikið er af gömlu víði skjólbeltum sem eru komin á tíma.

Umferð um skóginn er orðin talsverð, bæði gangandi fólk og hlaupandi einstaklingar og hópar. Hluttur ferðamanna er alltaf að aukast í skóginum, enda má gera ráð fyrir að þeim komi til með að fjölga í Hellisskógi á næstu árum þar sem ferðarþjónustuaðilar í þorpinu benda þeim í auknumæli á svæðið. Viðhald svæðisins verður meira með hverju árinu.

Á næstu árum verða verkefni í skóginum umhirða og viðhald svæðisins eins og verið hefur á síðustu árum. Einnig þarf að leggja áhersli á að þurrka þau svæði sem eru farinn að ógna skóginum. Eitthvað er um að tré séu farin að falla vegna of hárrar vatnsstöðu á svæðinu. Eins er lagfæring og bætt aðgengi að Hellinum ofarlega á blaði og eins vinna við að aðlaga svæðið væntanlegum þjóðvegi eitt í gegnum skóginn.



Tré byrjuð að falla í Hellisskógi vegna bleytu.

Núverandi stjórn þakkar félagsmönnum, Sveitarfélaginu Árborg, styrktaraðilum og öðrum hlutaðeigandi, samstarfið á liðnu ári og vonar að komandi starfsár verði félaginu heilladrjúgt í uppbyggingu og ræktarstarfinu.

Einnig vil ég þakka félögum mínum í stjórn fyrir farsælt samstarf á árinu og Ólafi Hákon fyrir hans framlag fyrir félagið.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss,

Björgvin Örn Eggertsson², formaður.

Aðrir í stjórn félagsins eru: Snorri Sigurfinnsson¹ ritari, Örn Óskarsson¹ gjaldkeri, Hermann Ólafsson² og Ólafur H. Guðmundsson¹ varamenn.

¹ Tákn um þá sem eiga að sitja áfram í stjórn.² Tákn um þá sem eiga að ganga úr stjórn.